



Til bæjarráðs

Kópavogi, 11. mars 2025

2502476/505.06 ÁH

Efni: Umsögn sviðsstjóra um Hafnarbraut 14. Tillögu til bæjarráðs vegna umferðarhættu

Á fundi 3204. bæjarráðs þann 13.febrúar 2025 var samþykkt að vísa erindi húsfélags Hafnarbrautar 14, er varðar umferðarhættu við Hafnarbraut, til umsagnar sviðsstjóra umhverfissviðs.

Umhverfissvið hefur átt í samskiptum við formann húsfélagsins við Hafnarbraut 14 þar sem báðir aðilar voru sammála því að máluð yrði miðlína á götuna til koma í veg fyrir bifreiðastöður. Ef þetta skilar ekki tilætluðum árangri væri hægt að fara í íþyngjandi aðgerðir. Miðlína verður máluð á vormánuðum.

Húsfélagið við Hafnarbraut 14 leggur nú til að bann verði sett við bifreiðastöðum í götu sem er varhugavert þar sem það gæti sett af stað keðjuverkun og fordæmi sem erfitt verður að ráða við. Ef slíkt bann við Hafnarbraut 14 yrði samþykkt mætti gera ráð fyrir að Hafnarbraut 12 og Hafnarbraut 4-15 muni einnig óska eftir sams konar afgreiðslu þar sem vandamálið er það sama og raunar í flestum húsagötum bæjarins sem og í öðrum sveitarfélögum. Það er heimilt að leggja í götum svo lengi sem það heftir ekki umferð eða umferðaröryggi. Því er ákveðið fordæmi ef bannað yrði að leggja í þessari tilteknu götu. Með því að mála miðlínu verður skýrt að um umferðargötu er að ræða og hefur fælandi áhrif fyrir bifreiðaeigendur m.t.t bifreiðastöðu.

Umhverfissvið leggur til að farið verði í hógværingu aðgerðir til að byrja með til að sporna við óæskilegum bifreiðastöðum við götukant s.s. eins og málun miðlínu sem aðgreinir akreinar í hvora átt. Þá mun umhverfissvið auka eftirlit með bifreiðastöðu á svæðinu.

Virðingarfyllt,

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri umhverfissviðs

